

Þá mælir samþykktin svo fyrir, að sérhvert aðildarríki skuli sjá til þess að viðeigandi reglur um öryggi, heilbrigði, velferðarmál og starfsþjálfun taki til farmanna.

Alls hafa nú níu ríki fullgilt þessa samþykkt, en þau eru: Kúba, Finnland, Frakkland, Ungverjaland, Írak, Holland, Noregur, Pólland og Spánn.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal I.

Eins og fyrr segir samþykkti þingið einnig tillögu um atvinnuöryggi farmanna. Í henni er fjallað um vinnumiðlun, atvinnutryggingu og atvinnuleysisbætur, leiðir til að draga úr uppsögnum o. fl.

Tillaga þessi er prentuð hér með sem fylgiskjal V.

#### V. Skip, sem ekki fullnægja lágmarkskröfum.

Undir þessum dagskrárlið var fjallað um skip, sem ekki fullnægja almennum lágmarkskröfum að því er varðar öryggi og aðbúnað skipsmanna.

Gerð var samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum, en hún tekur til skipa, sem annast flutninga á farmi eða farþegum eða aðra arðbæra starfsemi. Samþykktin tekur ekki til seglskipa, veiðiskipa, smáskipa né borþalla.

Ríki, sem fullgilda samþykktina, skuldbinda sig til þess að hafa í lögum ákveðnar reglur um öryggi, vinnuskilyrði og aðbúnað um borð í skipum og að tryggja það að slíkum reglum sé fylgt. Þessar öryggisreglur varða m. a. vinnutíma, stærð áhafnar og hæfniskröfur. Þá krefst samþykktin ákveðins eftirlits með ráðningu eða skráningu í skiprúm og rannsókna á kærnum, sem upp kunna að koma í því sambandi. Eftir því sem við verður komið ber að fræða menn um hugsanleg vandamál í sambandi við skráningu á skip, sem skráð eru í ríkjum, sem ekki framfylgja sömu kröfum og gerðar eru í þessari samþykkt. Í samþykktinni felst einnig heimild til handa ríki til ákveðinna afskipta af erlendu skipi, sem kemur til hafnar í landi þess, ef vitneskja berst um að skipið fullnægi ekki kröfum þessarar samþykktar.

Samþykktin gengur í gildi tólf mánuðum eftir að skráðar hafa verið fullgildingar a. m. k. tíu aðildarríkja, sem hafa yfir að ráða 25% af rúmlestafjölda kaupskipaflota heims. Hinn 1. janúar 1980 höfðu aðeins 7 ríki fullgilt samþykktina en þau eru: Finnland, Gabon, Grikkland, Holland, Noregur, Spánn og Svíþjóð. Samþykktin er því ekki gengin í gildi. Hún er prentuð hér með sem fylgiskjal III.

Auk samþykktarinnar um lágmarkskröfur, sem um getur hér að framan var samþykkt tillaga um bættan aðbúnað á kaupskipum og er hún prentuð hér með sem fylgiskjal VI.

#### Fylgiskjal I.

#### Samþykkt nr. 145 um atvinnuöryggi farmanna.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar, er kom saman til 62. þingsetu sinnar í Genf hinn 13. október 1976 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáráðsstofunnar, hefur gefið gaum að reglunum í IV. kafla Tillögu um vandamál í sambandi við vinnu sem fylgja tæknilegum framförum um borð í skipum, 1970,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar um atvinnuöryggi farmanna, sem er 4. mál á dagskrá þingsins, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir það í dag hinn 28. október 1976 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um atvinnuöryggi farmanna, 1976.

## 1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til manna, sem að staðaldri eru reiðubúnir til starfa sem farmenn og byggja árstekjur sínar að meginhluta á slíkum störfum.
2. Að því er tekur til þessarar samþykktar merkir hugtakið „farmenn“ menn, sem svo eru skilgreindir samkvæmt lögum, venju eða heildarsamningum og venjulega starfa sem skipverjar á hafskipum öðrum en:
  - a. herskipum;
  - b. skipum, sem stunda fiskveiðar eða starfsemi í beinum tengslum við þær, hvalveiðar eða hliðstæða starfsemi.
3. Með lögum eða reglugerðum skal kveðið á um það hvenær skip skuli talið hafskip í merkingu þessarar samþykktar.
4. Samtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna skulu höfð með í ráðum eða taka á annan hátt þátt í samningu og endurskoðun skilgreininga samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

## 2. gr.

1. Í sérhverju aðildarríki, þar sem stundaðar eru siglingar, skal það vera stefna ríkisins að hvetja alla hlutaðeigendur til þess að sjá fyrir samfelldri eða stöðugri atvinnu fyrir hæfa farmenn eftir því sem unnt er og um leið að sjá útgerðarmönnum fyrir traustu og hæfu vinnuafli.
2. Af fremsta megni skal unnið að því að farmönnum sé tryggður lágmarks ráðningartími ellegar annað hvort lágmarkstekjur eða fjárstyrkur á þann hátt og í þeim mæli sem efnahagslegt og félagslegt ástand í hlutaðeigandi landi leyfir.

## 3. gr.

Aðgerðir til þess að ná þeim markmiðum, sem nefnd eru í 2. grein þessarar samþykktar gætu verið fölgjar í:

- a. samningum eða samkomulagi við útgerðarfyrirtæki eða samtök útgerðarmanna um samfellda eða reglulega atvinnu, eða
- b. ráðstöfunum til að skipuleggja atvinnu með því að gera og halda skrár um hæfa farmenn eftir starfsgreinum.

## 4. gr.

1. Þar sem stöðugleiki atvinnu farmanna byggist einungis á því að gerðar séu og haldnar skrár, skulu þær taka til allra starfsgreina farmanna með þeim hætti, sem ákveðinn er með lögum, venju eða heildarsamningi.
2. Farmenn, sem eru á slíkri skrá, skulu hafa forgang til ráðningar í skiprúm.
3. Farmönnum, sem eru á slíkri skrá skal skylt að vera reiðubúnir til starfa með þeim hætti, sem ákveðinn er með lögum, venju eða heildarsamningi.

## 5. gr.

1. Að svo miklu leyti sem lög eða reglugerðir leyfa, skal á vissum fresti endurskoða tölu farmanna á slíkum skráum svo að hún sé í samræmi við þarfir útgerðarinnar.
2. Þegar nauðsyn ber til þess að fækka á slíkri skrá skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að afstýra eða draga úr skaða farmanna af henni og taka skal tillit til efnahagslegs og félagslegs ástands í hlutaðeigandi landi.

## 6. gr.

Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að viðeigandi reglur um öryggi, heilbrigði, velferðarmál og starfsþjálfun taki til farmanna.

## 7. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal veita gildi með lögum eða reglugerðum að svo miklu leyti, sem það er ekki gert á annan veg með heildarsamningum, gerðardómum eða með öðrum þeim hætti, sem er í samræmi við venju í landinu.

## 8. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

## 9. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjóranu skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

## 10. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkyngingu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

## 11. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

## 12. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfaraandi greina.

## 13. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

## 14. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

- a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 10. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

15. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

## Fylgiskjal II.

### **Samþykkt nr. 146 um árlegt orlof farmanna.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til 62. þingsetu sinnar í Genf hinn 13. október 1976 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunar,

hefur samþykkt ákveðnar tillögur um breytingar á Samþykkt nr. 91 frá 1949 um orlof með launum fyrir farmenn í ljósi Samþykktar nr. 132 frá 1970 um árlegt orlof með launum en ekki nauðsynlega með hennar takmörkunum, en þetta er 2. mál á dagskrá þingsins, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag hinn 29. október 1976 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um árlegt orlof farmanna, 1976:

1. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal veitt gildi með lögum eða reglugerðum, að svo miklu leyti sem það er ekki gert með heildarsamningum, úrskurðum gerðardóms, dómum, lögboðinni skipan ákvörðunar launa eða með öðrum þeim hætti, sem samrýmist venju í landinu, eftir því sem við á.

2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra manna, er starfa sem farmenn.
2. Í þessari samþykkt táknað orðið „farmaður“ mann, sem vinnur einhver störf um borð í hafskipi, sem skráð er í landi, sem þessi samþykkt tekur til, öðru en
  - a. herskipi;
  - b. skipi sem stundar fiskveiðar eða starfsemi í beinum tengslum við þær, hvalveiðar eða hliðstæða starfsemi.
3. Að höfðu samráði við félagssamtök hlutaðeigandi útgerðarmanna og farmanna, þar sem þau eru til, skal með lögum eða reglugerðum ákvarða hvaða skip skuli teljast hafskip í merkingu þessarar samþykktar.
4. Að höfðu samráði við félagssamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru til, getur sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, fært út gildissvið hennar, með þeim takmörkunum, sem nauðsynlegar eru vegna ástands í atvinnugreininni, þannig að hún taki til manna, sem ekki falla undir skilgreiningu á farmönnum í 2. tölulið b. þessar greinar, eða tiltekinna hópa þeirra.
5. Hvert það aðildarríki, sem færir út gildissvið þessarar samþykktar í samræmi við 4. tölulið þessarar greinar um leið og það fullgildir samþykktina, skal með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjalinu tilgreina þá starfshópa, sem útfærslan tekur til og þær takmarkanir, er kunna að reynast nauðsynlegar.